

AUGLÝSING

**um starfsreglur um breytingu á starfsreglum
um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999.**

„STARFSREGLUR
um breytingu á starfsreglum
um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999.

1. gr.

1. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Til árlegs rekstrarkostnaðar prestsembættis greiðast kr. 500 þúsund vegna skrifstofu-, síma-, póst- og fatakostnaðar. Þessi fjárhæð skal sundurliðuð og jafnað niður í mánaðarlegar greiðslur.

2. gr.

2. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Til árlegs rekstrarkostnaðar vegna prófastsstarfa greiðast til viðbótar rekstrarkostnaði samkvæmt 1. gr. kr. 170 þúsund og vegna presta erlendis kr. 520 þúsund.

3. gr.

3. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Árlegur aksturs- og ferðakostnaður embætta presta og vegna starfa prófasta er greiddur samkvæmt eftirfarandi flokkun:

I. flokkur - kr. 250 þús. á ári.

Eftirtalin embætti:

Embætti sóknarpresta og presta með eina sókn.

Embætti sérþjónustupresta.

Embætti héraðspresta.

Ennfremur vegna starfa prófasta að frátöldum þeim sem getið er í II. flokki.

II. flokkur - kr. 380 þús. á ári.

Eftirtalin embætti:

Embætti sóknarpresta og presta á höfuðborgarsvæðinu með fleiri en eina sókn.

Embætti sóknarpresta og presta í péttbýli eða þar sem stærstur hluti íbúa býr í péttbýli, með eina eða tvær sóknir.

Embætti sóknarpresta í dreifbýli með eina sókn.

Embætti sérþjónustupresta sem hafa aðallega þjónustuskyldu á höfuðborgarsvæðinu.

Embætti héraðspresta í dreifbýli og víðfeðmi.

Ennfremur vegna starfa prófasta í víðfeðmum prófastsdænum.

III. flokkur - kr. 600 þús. á ári.

Eftirtalin embætti:

Embætti sóknarpresta og presta í dreifbýli með tvær sóknir eða fleiri.

Embætti sérþjónustupresta með fasta þjónustuskyldu um land allt.

Embætti presta erlendis.

IV. flokkur - allt að kr. 850 þús. á ári.

Eftirtalin embætti:

Embætti í víðfeðmum prestaköllum.

Embætti sem tekið hafa við viðbótarþjónustu við sameiningu prestakalla.

Ef prestakall sameinast fleiri en einu prestakalli skal meta hlutfall af mismuni frá þeim flokki sem viðkomandi prestur var í til IV. flokks í samræmi við fjölða íbúa í sóknunum.

Nr. 953

20. nóvember 2009

Þetta ákvæði gildir út skipunartíma þess sóknarprests sem tekur við þeirri viðbótarþjónustu.
Biskupsstofa annast um flokkun embætta samkvæmt framangreindu að höfðu samráði við stjórn
Prestafélags Íslands.

4. gr.

6. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Biskupsstofa leggur prestum til hempu og kraga samkvæmt nánari ákvörðun biskups Íslands.

5. gr.

8. gr. starfsreglnanna falli brott.

6. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum um embættiskostnað presta og aukaverk
þeirra nr. 36/1931, sbr. lög um breytingu á þeim lögum nr. 141/1998 svo og heimild í 59. gr. laga um
stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2010 og taka til
allra presta og prófasta sem eru í þjónustu þjóðkirkjunnar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. núgildandi starfsreglna breytast ekki fjárhæðir í 1., 2. og 3. gr. á árinu
2010.

Gjört í Reykjavík, 20. nóvember 2009.

Pétur Kr. Hafstein,
forseti kirkjuþings

Dagný Halla Tómasdóttir
þingskrifari“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 20. nóvember 2009.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson, forseti kirkjuráðs.

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2009